This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

VÖRN

FYRIR TRÚNA OG SANNLEIKANN

EPTIR

HALLDÓR JÓNSSON.

Svar gegn „Ræðu móti Mormónum“
eptir T. D. Witt Talmage, prest í New York,
sem út er gefin af Lárusi Jóhannssyni.

Gætið yðar fyrir falskennendum,
sem koma til yðar í sauðaklæðum,
en hið innra eru þeir glepsandi vargar.
Matth. 7.

REYKJAVÍK.
PRENTSMIÐJA S. EYMUNDSSONAR OG S. JÓNSSONAR.
PRENTARI: TH. JENSEN.
1887.

Digitized by Google

Scan 3635.287.5

√ HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Digitized by Google

Herra Lárus Jóhannsson útsendari meþodistatrúarflokksins, þess trúarflokks, sem af öllum hinum mörgu ameríkönsku trúarflokkum hefir einna verst orð á sér, jafnt meðal trúmanna sem trúleysingja, hefir nú gefið út ræðu eina, eptir T. D. Talmage prest í New York, sem hefir orðið þjóðkunnur um alla Ameríku og víðar, fyrir ofstækisræður, er hann hefir haldið í fjárdráttarskini og þannig rakað saman ógrynni fjár. Hann hefir þannig gefið sig út fyrir að þjóna tveim herrum, guði og mammóni, og sannast á honum orð drottins vors, að: „enginn kann tveimur herrum að þjóna".

Eg skal ekki fara mörgum orðum um Lárus Jóhannsson og kenningar hans, enda er þess ekki þörf, þar fáir munu verða til að ginnast að ræðuglammri hans. Hann sýnir það með kenningarmáta sínum, að hann er fávís og ofsafullur, þar sem hann dæmir alla niður til helvítis, sem ekki vilja hlýða hans kenningu. Skyldi nokkur vera svo aumur að trúa því, að Lárus Jóhannsson hafi umboð frá himnaföðurnum, til að fordæma menn. Einn er dómarinn, sem er á himnum, og hann lætur ekki þá menn að sér hæða, sem heimildarlaust setja sig í hans stað.

Saga sú, er Talmage flytur í þessari ræðu sinni, er að miklu leyti afbökuð og ósönn, og vil eg hér með heiðruðu lesarar, segja yður hana sem réttast, sem eg tilveit.

Digitized by Google

Árið 1857 tók sig upp útflutningsfólk frá Arkansas og Missouri, og ætlaði til Kaliforníu. Þetta fólk kom um haustið sama ár til Útah ; því var ráðlagt að fara syðri veginn til Kaliforníu sökum þess, að menn hefðu opt orðið úti og dáið, sem farið höfðu nyrðri leiðina, og hlýddi það því, enda var þá orðið áliðið sumars. Þetta flutningsfólk lét í ljósi mikið hatur til mormóna, bæði í ræðum og ritum, en þó án saka. Það stal ýmsu fémætu úr bæjum, er það kom í á leiðinni, og þóttist hafa verið í verki með þeim, sem drápu Jóseph Smith 27. jan. 1844, og hjálpað til að reka 10,000 mormóna út á eyðimörk í marz 1846, sem áttu lönd og heimili í Missouri og sem dóu margir af þeim hrakningi. Þessir útflytjendur héldu áfram þar til þeir komu í grend við Mountain Meadow, þar áðu þeir hestum sínum áður þeir legðu á eyðimörkina, sem þar er nálægt. Í grendinni við var dálítill mormónabær, og hét bæarstjórinn John D. Lee. Flutningsfólkið var ríkt og hélt sig vel, slátraði það nautum sér til matar, en leifar sínar eitraði það og skildi þær svo eptir á áfangastaðnum handa Indíönum, því þeir höfðu stolið frá því nokkrum hrossum. Þegar Indíánar komu á áfangastaðinn og fundu leifarnar, tóku þeir þær og átu, en urðu þegar veikir af eitrinu. Óðar og þeir urðu þess varir, að þeim voru brugguð vélráð, brugðu þeir við og til mormónabæjarins, og kvöddu bæjarbúa að veita sér lið, að elta förufólkið og drepa það ef kostur væri á. Bæjarstóri varð vel við liðsbón Indíána, og brá þegar við, og var John Lee herforingi fyrir flokknum, því hann var bæði hraustur og framgjarn. Flokkur þessi náði fljótt flutningfólkinu og drap það allt niður, svo enginn komst undan, en tóku allt er fémætt var. Þegar þetta fréttist til Saltvatnsborgarinnar og John Lee

Digitized by Google

hefði verið í verki með Indíönum, var hans nafn skafið út úr kirkjubók Mormóna. Eptir lögum og landsvenjum Bandaríkjanna, var John Lee opt tekinn undir rannsókn fyrir morðin og málið vandlega rannsakað. Stjórnin bauð John Lee líf og frelsi, ef hann gæti flækt Brigham Young og Mormóna í morðmálinu, svo þeir yrðu sekir að lögum, en það tókst honum ekki, því þeir vissu ekki af morðunum fyrr en þau voru um garð gengin. Þegar John Lee varð þess vís, að hann væri útskafinn úr kirkjubók Mormóna, varð hann reiður, og tók þá að ljúga á þá og bera þá illsökum, til að frelsa líf sitt. Meðan hann var í fangelsinu skrifaði hann um Mormóna langa lygasögu, en þegar dómararnir lásu sögu hans, sáu þeir að allt var lýgi og illkvitni, er hann hafði sagt og ritað gegn Mormónum, og ekkert sannaðist á Mormóna af áburði hans, og að endingu eptir úrskurði dómaranna, lét stjórnin taka hann af lífi.

T. D. Talmage fer mörgum óviðurkvæmilegum orðum um Mormóna fyrir það, að þeir eigi fleiri en eina konu, en hann hefði átt að lesa ritninguna betur ofan í kjölinn, að Jesús Kristur átti sjálfur kyn sitt að rekja til fleirkvænismanna, eins og allir menn, sem komnir eru af Ísraelsættkvíslum. Þar sem hinir réttlátustu menn af guðs útvöldu þjóð tíðkuðu fleirkvæni og oss er gefið það fyrirheit, að sitja með þeim í ríki himnanna, þá get eg ómögulega skilið, að fleirkvæni sé nú á dögum gagnstætt drottins boði fremur en þá, er hann skipaði sínu trúu þjónum að hafa fleiri en eina konu, það er þess vegna bæði samkvæmt dæmi guðs manna í heilagri ritningu, og einnig eptir áliti frægustu heimspekinga nú á dögum, að karlmenn megi eiga fleiri en eina konu.

Eg hlýt að gera mönnum augljóst, að Mormónar

Digitized by Google

trúa ekki á Brigham Young né Jóseph Smith, heldur að Jóseph Smith hafi fengið opinberun frá guði, að prédika mönnum apturhvarf og trú og láta sig skíra niðurdýfingarskírn eins og gert var í hinni fyrstu kristni, til syndanna fyrirgefningar, takandi upp á sig það rétta brúðkaupsklæði, sem frelsarinn talar um, svo þeir geti tekið á móti honum, þegar hann kemur í skýjum himins með sínum englaskara, til þess að vegsamast meðal sinna heilögu, og byrja sína þúsund ára ríkisstjórn hér á jörðinni (Opb. 20. 1.—7. 1. 5.—6.; 5. 9.—10.; Es. 24. 23; Makk. 4. 3.—7. og víðar).

Allir spámenn og postular, sem hafa skrifað síðan mannkynið var sett á jörðina, hafa í anda séð vora daga, er vér lifum á, og spáð um það er verða mun í tímans fyllingu; þeir sáu guðs kirkju og ríki, og hans Zion uppreista á jörðunni, og fólk safnast þangað af öllum þjóðum; þeir sáu guðs refsidóm, er skyldi falla yfir þjóðirnar, er stríddu móti Zion og guðsfólki. Eg vil spyrja yður kæru lesendur, hvort þér haldið, að fyrirheit drottins og spámannanna, séu þegar að fullu framkomin, nei, segi eg yður; spádómar þeirra gömlu spámanna og postula koma fram, drottinn á eptir að slá víngarðinn í síðasta sinni; kirkja hans skal standa til eilífðar tíðar; hann hefir upprreist sína spámenn og postula, og opinberað þeim þá eilífu evangelifyllingu, og gefið þeim það heilaga prestsdæmi. Jóseph Smith var upprreistur fyrir guðskrapt, sem útvísast af engilsins þjónustu, þá hann útlagði Mormónsbók, Jósephstré og uppteiknanir, sem hafa verið í Efraims hönd, sem umtalazt af spámanninum Esakiel í 37. kap. Jóseph Smith var einn guðsspámaður, og hafði myndugleika frá alföðurnum til að vígja Jesú Krists kirkju á síðustu dögum, og

Digitized by Google

hún hefir nú staðið í 56 ár síðan hún var innvígð, og margir Mormónar, er hafa prestsdæmi, eru útsendir til að prédika Krists evangelium fyrir þjóðunum, og þúsundir af jarðarinnar innbúum hafa trúað og hlýtt og verið skírðir til syndanna fyrirgefningar og móttekið þann helga anda, sem er panturinn þar til tímans fylling kemur, eins og postulinn Páll að orði kemst, og eru heimfluttir til Efraims Zions friðsælu Útha-dala frá mörgum landsálfum, sannfærðir um að sá lærdómur, sem Mormónar boða, er uppfylling af þeim lærdómi er Jesús Kristur fyrirsagði, að boðast skyldi um guðsríki í þá síðustu daga fyrir hans tilkomu og enda veraldar, Matth. 24, og samkvæmt því er þeir gömlu spámenn hafa talað um, knúðir af heilögum anda.

Jóseph Smith og hans bróðir Hiram og fleiri af þeim síðustu daga öldungum hafa innsiglað þeirra vitnisburð með þeirra blóði. Fangelsi eru í dag uppfyllt með Mormóna fyrir það að þeir vilja hlýða guðs skipunum. Líka hafa margir verið þvingaðir til að yfirgefa sín heimili fyrir sömu sök.

Margir af landsins innbúum óska eptir að útrýma guðs kirkju af jörðinni en þessir þekkja ekki hans vegu. Herrans orð var prédikað fyrir jarðarinnar innbúum, sem frömdu synd í fyrri daga, og það vill upp á sama máta uppfyllast í þá síðustu daga. Drottinn vill ganga í rétt við þjóðirnar og dæma sérhvern eptir þeirra verkum og enginn getur stöðvað hans hönd. Svo víst sem herrann himnaguð hefir uppfyllt sín orð tilheyrandi Júda og Jerúsalemsborg svo víst vill hann uppfylla það, sem hann hefir talað um jarðarinnar innbúa í þá síðustu daga. Eg vil segja hér svo satt sem guð lifir og hefir sett festingu kringum sitt dýrðar hásæti á himnum svo víst vill hann upp-

Digitized by Google

fylla sín orð; hann vill útausa plágum yfir þjóðirnar, sem hafa staðið í mót sérhverjum guðs anda innblásnum manni frá byrjun veraldar. Margar þjóðir hafa verið aðvaraðar af réttlátum mönnum í meir en 50 ár, að tíðarinnar fylling væri fyrir höndum og að drepsóttir, jarðskjálptar og harðæri vilji yfir löndin ganga, og að Krists tilkoma væri í nánd; það er engin makt á jörðinni, sem getur hindrað herrans hönd í þessu verki. Guð í himninum vill kenna þjóðunum að hann er sterkari en manneskjurnar og gera augljóst að allir hlutir eru í hans hendi.

Ísraelsguð hefir byrjað að safna sínu fólki af öllum þjóðum til að uppbyggja Zíon í allri fegurð, dýrð og makt, sem Esajas og aðrir spámenn sáu, og upprétta sitt ríki sem skal fylla alla jörðina, hvar í Jesú af Nazaret skal uppreisa sitt hásæti og sitja þar á, stjórnandi yfir jörðinni í þúsund ár, sem spámaðurinn Daníel og fleiri spámenn hafa fyrirsagt. Og það mun ske þó menn ekki vilji trúa þessu. En það er ekki víst að verði langt að bíða, að menn fái að sjá byrjun eyðileggingarinnar. Þar fyrir vil eg ráðleggja yður, mínir gömlu landar, að dæma ekki hart Mormóna fyrir sínar trúarskoðanir, því þeir trúa spádómum ritningarinnar og taka hana fyrir fastan trúargrundvöll, og mín bæn er uppsend fyrir hinn algóða himnaföður, að hann vilji gefa að sem flestir fái að njóta sælufullra samfunda á landi lifenda eftir útstaðið lífsins próf á þessum stríðshólma.

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google